

Sp.

158. Tillaga til þingsályktunar

[119. mál]

um veiði og verkun steinbíts.

Flm.: Hjörtur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga, hvort ekki sé þörf á að setja reglur um veiði og verkun á steinbít, sem ætlaður er til útflutnings.

Greinargerð.

Síðari hluta vetrar er steinbítur meginafli báta, sem veiðar stunda út af Vestfjörðum. Hann gengur þá á grunnmið, og er aflamagnið oft mjög mikið, en verð á honum fremur lágt, og mundi því til verulegra hagsbóta fyrir útgerð á þessu svæði, ef hægt væri að gera hann að verðmætari vöru.

Fyrst þegar farið var að reyna útflutning á hraðfrystum steinbít, var til þess valinn steinbítur af Vestfjarðasvæðinu, enda mun almennt viðurkennt, að þar sé fisktegund þessi bezt, en enginn fiskur mun jafnmisjafn og steinbíturinn að gæðum.

Við verkun þess fisks, sem tilraunin var gerð með, var mjög til alls vandað og eingöngu tekinn góður fiskur og gallalaus. Þetta bar þann árangur, að steinbítur varð eftirsótt vara á Ameríkumarkaði, og mun jafnvel hafa verið svo, að naumast var hægt að selja þar þorskflök, nema steinbítur væri boðinn með.

Þá var það, að farið var að veiða og verka steinbít í mjög stórum stíl, og steinbítur veiddur af togurum var tekinn til vinnslu framan af vetri og um miðjan vetur, en þá er hann að þeirra dómi, sem þekkja hann sem matarfisk, nær óætur, því að hann fer fyrst að fitna, er hann gengur á grunnmið. Einnig var þá allt hirt og ekki skeytt um úrval.

Afleiðingar þessa urðu eðlilega þær, að eftirspurn eftir þessari vöru á erlendum mörkuðum féll og verðið jafnframt.

Nú virðist ekki óeðlilegt að álykta, að takast mætti að vinna upp markað á þessari vöru á ný, ef vel væri að unnið. En þá þyrfti það að vera á vegum þeirra, sem bezt þekkja til, og virtist jafnvel ekki óeðlilegt, að Vestfjarðasteinbítur fengi sérstakt vörumerki, ef útvegsmenn og frystihúsaeigendur þar vildu gera tilraun á ný að framleiða úr honum úrvalsvöru.